



Starfsáætlun Austurbrúar 2025

Yfirlit yfir viðfangsefni málaflokka, markmið verkefna og árangursmælikvarða

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit.....	1
Austurbrú og Samband Sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)	2
Starfsstöðvar	2
Verkefnastofan Austurbrú – Málaflokkar og helstu verkefni.....	1
Mannauður Austurbrúar – Verkefnastjórar & helstu verkefni.....	1
Málaflokkar – Verkefnastjórar - Verkefnateymi.....	2
Frá framkvæmdastjóra	1
Inngangur	1
Byggða- og atvinnumál – Markmið og lykilniðurstöður	2
• Áfangastaðurinn Austurland og markaðsmál.....	4
• Atvinnuþróun og atvinnuráðgjöf	5
• Byggðaþróun	6
• Sérverkefni og viðburðir	7
Fræðslumál - Markmið og lykilniðurstöður	10
• Háskólamál.....	10
• Símenntun	11
• Ráðgjöf og raunfærnimat	11
• Fyrirtækjafræðsla – fræðslugreiningar & fræðsluáætlanir.....	12
• Sérverkefni.....	12
Rannsóknir og samfélagsþróun - Markmið og lykilniðurstöður.....	13
SSA - Markmið og lykilniðurstöður.....	15
Innri mál - Markmið og lykilniðurstöður.....	17

AUSTURBRÚ OG SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á AUSTURLANDI (SSA)

Austurbrú var stofnuð í maí 2012 þar sem Þekkingarnet Austurlands, Menningarráð Austurlands, Atvinnuþróunarfélag Austurlands og Markaðsstofa Austurlands sameinuðust ásamt Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi undir merkjum Austurbrúar. Starfsemin er byggð á samningum við opinbera aðila og einkaaðila og er því þverfagleg verkefnastofa sem býr yfir mannauði, reynslu og þekkingu til að vinna að hagsmunamálum Austurlands á víðu sviði. Markmið Austurbrúar er því meðal annars að skapa samlegð, skilvirkni og hagkvæmni þegar kemur að þessum samningum og nýta mannauð og samlegð verkefna úr ólíkum samningum til að skapa slagkraft sem kemur Austurlandi til góða. Verkefnum er skipt í fimm málaflokka sem hafa í mörgum tilvikum töluverða samlegð en flokkunin byggir á þeim samningum sem liggja að baki verkefnunum og uppruna fjármögnunar þeirra.

STARFSSTÖÐVAR

Starfsstöðvarnar eru sex. Þær stærstu eru á Egilsstöðum, í Neskaupstað og á Reyðarfirði. Á þessum stöðum er auk skrifstofa starfsfólks er einnig aðstaða fyrir nemendur í próf og/eða námsaðstöðu, auk fundaraðstöðu. Á Vopnafirði er einmenningsstarfsstöð í samvinnuhúsinu Skuldarhalla. Á Stöðvarfirði er starfsmaður með reglulega viðveru í Landatanga á Stöðvarfirði og á Djúpavogi er reglulega viðvera í Mörk, þar sem einnig er tekið á móti nemendum í próf.

Egilsstaðir – Tjarnarbraut 39e Vonarland



Reyðarfjörður – Búðareyri 1 Fróðleiksmolinn



Neskaupstaður – Bakkavegur 5 Múlinn



VERKEFNASTOFAN AUSTURBRÚ – MÁLAFLOKKAR OG HELSTU VERKEFNI

Málaflokkarnir eru fimm en verkefni og rekstur SSA er almennt talinn með innri verkefnum. Verkefnin sem málaflokkunum tilheyra hafa ákveðna samlegð hvað varðar viðfangsefni, markhóp eða samningsaðila. Málaflokkarnir eru um sumt ólíkir en fjölmörg verkefni liggja saman eða krefjast þverfaglegar vinnu sem nýtur góðs af því að hafa þá breidd sem er til staðar í sérfræðikunnáttu verkefnastjóranna.

Skipulagið byggir á þessum stöðum:

Málaflokkur myndar Stórteymi sem samanstendur af Verkefnateymum

Hver málaflokkur hefur yfirverkefnastjóra sem hefur yfirsýn yfir öll verkefni málaflokksins og þau teymi sem verkefnastjórar mynda um verkefnin. Starfsmenn tilheyra almennt einum meginmálaflokki og mynda þannig stórteymi þess málaflokks. Um verkefnin eru myndað verkefnateymi og fer stærð þeirra að mestu eftir umfangi en einnig getur minna verkefni krafist fjölbreyttar sérfræðiþekkingar og þá koma margir verkefnastjórar að því verkefnateymi en í minna starfshlutfalli. Flestir verkefnastjórar eru þátttakendur í þrennum til fjórum teymum og hafa meginábyrgð á einu þeirra.

Verkskipulag Austurbrúar byggir á ákveðinni sýn varðandi vinnulag og mikil áhersla er á að um hvert verkefni sé myndað teymi og að sá verkefnastjóri sem ber megin ábyrgð á verkefni hafi að minnsta kosti einn verkefnastjóra með sér sem er upplýstur um gang verkefnisins.

FRÆÐSLUMÁL	BYGGÐA- OG ATVINNUÞRÓUN	RANNSÓKNIR OG SAMFÉLAGSÞRÓUN	SSA & INNRI MÁL
Háskólamál	Atvinnuþróun	Rannsóknir og þróunarverkefni	Svæðisskipulag
Símenntun	Áfangastaðurinn	Styrkt verkefni	Sóknaráætlun
Ráðgjöf og raunfærnimat	Austurland og markaðsmál	Sérverkefni	Áhersluverkefni
Fyrirtækjafræðsla	Byggðaþróun	Sjálfbærni-verkefnið	Sóknaráætlunar
Sérverkefni	Sérverkefni og viðburðir	Farsældarverkefni	Uppbyggingarsjóður
	Umhverfis- og skipulagsmál		Menningarfulltrúi
			Rekstur Austurbrúar og SSA
			Tæknimál
			Kynningarmál
			Mannauðsmál

MANNAUÐUR AUSTURBRÚAR – VERKEFNASTJÓRAR & HELSTU VERKEFNI

Stofnunin vinnur markvisst að því að laða að sér mannauð sem vinnur sem ein heild að hagsmunum Austurlands og hefur sérfræðipækkingu til að hámarka afurðir verkefnanna sem felast í samningum stofnunarinnar við ólíka hagsmunaaðila. Starfsmenn koma einnig á margvíslegan hátt að innra starfi með setu í jafnréttisnefnd, gæðanefnd, velferðarteymi, jafnlaunaúttektum, viðburðastjórnun, auk setu í stjórnun og samstarfshópum fyrir hönd Austurbrúar. Starfsmenn tilheyra eins og áður sagði að jafnaði einum meginmálaflokki en hluti verkefnastjóra starfar jöfnum höndum að verkefnum sem tilheyra tveimur málaflokkum. Eins eru verkefnastjórar almennt í einu til tveimur megingteymum en geta verið í fleirum. Allir verkefnastjórar eru í fullu starfi og hlutastörf eru almennt ekki í boði og eru þá frekar skammtímaverktaka vegna ákveðinnar sérfræðipjónustu.

STARFSMAÐUR	MÁLAFLOKKUR	VERKEFNI	VERKEFNI
Alexandra Tómasdóttir	Byggða- og atvinnumál	Markaðsmál	Frumkvöðla- og atvinnuráðgjöf
Arnar Úlfarsson	Innri mál	Tæknimál	Rannsókn- og greiningarteymi
Ásdís Helga Bjarnadóttir	Fræðslumál	Stjórnendateymi	Háskólamál
Dagmar Ýr Stefánsdóttir	SSA og innri mál	Stjórnendateymi	SSA rekstur
Erna Rakel Baldvinsdóttir	Rannsóknir & samfélag	Styrkt verkefni	Rannsóknir
Esther Ösp Gunnarsdóttir	Innri mál	Kynningarmál	Svæðisskipulag
Gabríel Arnarsson	SSA verkefni	Uppbyggingarsjóður	Rannsóknir
Haldóra Dröfn Hafþórsdóttir	Byggða- og atvinnumál	Viðburðir	Matarauður
Hrönn Grímsdóttir	Fræðslumál	Ráðgjöf nám & starf	Fyrirtækjafræðsla
Jón Knútur Ásmundsson	Innri mál	Kynningarmál	SSA rekstur
Nína Hrönn Gunnarsdóttir	Rannsóknir & samfélag	Farsældarteymi	SSA verkefni
Nanna Haldóra Imsland	Fræðslumál	Háskólamál	Sérverkefni
Páll Baldursson	Byggða- og atvinnumál	Atvinnuþróun	Byggðaþróun
Sigfinnur Björnsson	Byggða- og atvinnumál	Markaðsmál	Áfangastaðastofa
Sara Elísabet Svansdóttir	SSA verkefni	SSA verkefni	Svæðisskipulag & sóknaráætlun
Signý Ormarsdóttir	Byggða- og atvinnumál	Stjórnendateymi	Menningarmál
Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir	Innri mál	Stjórnendateymi	Mannauðsmál
Urður Gunnarsdóttir	SSA verkefni	Byggðaþróun	Svæðisskipulag & sóknaráætlun
Úrsúla Manda Ármannsdóttir	Fræðslumál	Símenntun	Fjölmennt
Valdís Vaka Kristjánsdóttir	Innri mál	Rekstur	SSA rekstur
Valborg Ösp Árnadóttir Warén	Byggða- og atvinnumál	Byggðaþróun	Markaðsmál Áfangastaðastofa
Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir	Fræðslumál	Símenntun	Stóriðjuskólinn

MÁLAFLOKKAR – VERKEFNASTJÓRAR - VERKEFNATEYMI

STJÓRNENDATEYMI

*Dagmar Ýr Stefánsdóttir framkvæmdastjóri
Tinna Halldórsdóttir staðgengill, innri mál
Valdís Vaka Kristjánsdóttir rekstur og samningar
Ásdís Helga Bjarnadóttir fræðslumál
Signý Ormarsdóttir byggða og atvinnumál*

STÓRTEYMI BYGGÐA- OG ATVINNUMÁLA

*Signý Ormarsdóttir yfirverkefnastjóri
Innan málaflokksins eru bæði skýrt verkefnateymi
sem halda utan um ákveðin verkefni og samninga og
minna afmörkuð teymi sem snúa að verkefnum sem
hafa ákveðna samlegð.*

Teymi atvinnuþróunar

*Páll Baldursson Atvinnuþróun og ráðgjöf.
Byggðaáætlun: Sjávarföll
Valborg Warén Brothættar byggðir - Sterkur
Stöðvarfjörður. Ráðgjöf.
Gabríel Arnarsson Uppbyggingarsjóður. Ráðgjöf.
Urður Gunnarsdóttir Seyðisfjarðarverkefni.*

Byggðaáætlun: Sjávarföll

*Sara Elísabet Svansdóttir Umhverfis- og
skipulagsmál. Eygló East.*

Teymi markaðsmála

*Alexandra Tómasdóttir Áfangastaðastofa.
Markaðsmál.
Sigfinnur Björnsson Áfangastaðastofa. Markaðsmál
Urður Gunnarsdóttir Efling Egilsstaðaflugvallar.*

Aðrir verkefnastjórar byggða og atvinnumála

*Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir Viðburðir og
sérverkefni: BRAS, Dagar myrkurs. Matarauður.
Sara Elísabet Svansdóttir Sérverkefni: Umhverfis-
og skipulagsmál. Eygló East.
Alda Marín Kristinsdóttir (Í leyfi). Áfangastaðastofa.*

STÓRTEYMI FRÆDSLUMÁLA

*Ásdís Helga Bjarnadóttir yfirverkefnastjóri
Innan málaflokksins eru fimm megin verkefnastoðir
sem verkefnastjórar skipta með sér meginábyrgð á
en málaflokknum er ekki skipt í minni verkefnateymi*

*Hrönn Grímsdóttir Náms- og starfsráðgjöf.
Raunfærnimat. Fyrirtækjaskóli
Nanna Halldóra Imsland Prófstjóri. Sérverkefni: Lísa
Úrsúla Manda Ármannsdóttir Sérverkefni: Íslenska,
Fjölmennt. Lísa. Fyrirtækjaskóli, .
Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir Fyrirtækjaskóli. Gæðamál.
Náms- og starfsráðgjöf. Raunfærnimat.*

STÓRTEYMI RANNSÓKNA OG SAMFÉLAGSPRÓUNAR

*Tinna Halldórsdóttir yfirverkefnastjóri
Innan málaflokksins eru fimm megin stoðir og
skiptast verkefni í tvö teymi.
Gabríel Arnarsson Styrkt verkefni: NORA. NPA.
Sérverkefni: Fyrirtækjakönnun, Íbúakönnun,
Gagnavinnsla
Arnar Úlfarsson Sjálfbærni-verkefni, Styrkt verkefni:
MEDiate, Natalie
Urður Gunnarsdóttir Styrkt verkefni: HuT.
Nína Hrönn Gunnarsdóttir Farsældarverkefni
Erna Rakel Baldvinsdóttir (Fæðingarorlof).
Rannsóknir og þróunarverkefni. Styrkt verkefni.*

STÓRTEYMI SSA VERKEFNA OG INNRI MÁLA

*Dagmar Ýr Stefánsdóttir framkvæmdastjóri
Innan málaflokksins eru tvö verkefnateymi; annað
varðandi verkefni SSA og hitt vegna innri verkefna.*

Teymi SSA verkefna

*Jón Knútur Ásmundsson SSA. Svæðisskipulag
Signý Ormarsdóttir Menningarfulltrúi
Urður Gunnarsdóttir Sóknaráætlun. Svæðisskipulag
Gabríel Arnarsson Uppbyggingarsjóður*

Teymi innri verkefna

*Tinna Halldórsdóttir Mannauðsmál. Innri ferlar
Valdís Vaka Kristjánsdóttir Fjármál
Esther Ösp Gunnarsdóttir Grafísk hönnun
Jón Knútur Ásmundsson Kynningarmál
Arnar Úlfarsson Tækni-mál*

FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA

Kæri lesandi

Starfsemi Austurbrúar er yfirgripsmikil og fjölbreytt líkt og starfsáætlunin sýnir. Hjá Austurbrú er unnið að verkefnum á nokkrum ólíkum sviðum sem öll tengjast þó með einhverjum hætti og eiga það sameiginlegt að vilja stuðla að enn betra samfélagi á Austurlandi þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi. Hvort sem það er í gegnum verkefni á vettvangi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, í gegnum menningarstefnu, áfangastaðaáætlun, fræðsluáætlun, rannsóknir og greiningu eða atvinnuþróun þá er markmiðið ávallt að gera Austurland að enn betri stað til að búa, starfa og fjárfesta á.

Verkefnin eru fjölmörg og vissulega áskorun fyrir starfsfólk Austurbrúar að komast yfir allt sem kallar á athygli þegar kemur að þessum víðtæku málaflokkum. Einmitt þess vegna er starfsáætlun svo mikilvæg; hún er stjórnæki sem getur tryggt að áherslurnar séu á réttum stöðum hverju sinni en til að svo megi verða er mikilvægt að fylgja henni eftir og uppfæra allt árið. Það er ekki nóg að setja fram starfsáætlun í byrjun árs og stinga henni síðan ofan í skúffu þar til komið er að uppgjöri.

Við hjá Austurbrú erum komin með góða reynslu af stjórnun ýmis konar verkefna og að nýta starfsáætlunina sem stjórnæki. Mikilvægt er að hún sé lifandi skjal og hægt sé að uppfæra hana og aðlaga innan ársins því oft þróast mál í aðrar áttir en fyrirséð var. Þess vegna munum við að lágmarki tvisvar yfir árið taka áætlunina upp til að yfirfara markmiðin og vera viss um að hlutirnir séu á réttu skriði og eins til að uppfæra ef um breyttar forsendur er að ræða.

Ég trúi því að með því að fylgja þessari áætlun munum við færast nær markmiði okkar um enn betra Austurland.

Dagmar Ýr Stefánsdóttir

Dagmar Ýr Stefánsdóttir
framkvæmdastjóri Austurbrúar



INNGANGUR

Starfsáætlun Austurbrúar fyrir árið 2025 er hér sett fram í samantekt sem byggir á vinnu allra starfsmanna og stjórnenda samkvæmt ákveðnu vinnulagi sem miðar að því að gera markmið samninga árangurstengd og mælanleg. Allir starfsmenn Austurbrúar eru verkefnastjórar og hafa með höndum ákveðin verkefni eða verkþætti í þeim samningum sem stofnunin hefur skuldbundið sig að vinna eftir með samstarfs- og hagsmunaaðilum. Að baki samningunum liggur ákveðin fjármögnun sem nýtt er til að greiða vinnu verkefnastjóra, útlagðan kostnað og sameiginlegan rekstur.

Unnið er eftir hugmyndafræði OKR (Objectives & Key Results) sem gengur út á að um hvert verkefni eða samning sé gerð áætlun og í henni felist markmið sem segja til um fyrirætlanir og lykilmíðurstöður sem hægt er að mæla. Austurbrú hefur gefið út starfsáætlun stofnunarinnar frá 2020 til að gefa hagsmunaaðilum innsýn í þá starfsemi sem fram fer í stofnuninni og þau markmið sem unnið er að. Málaflokkar og verkefni eru um margt ólík þó grunninntak Verkefnastjórnunar sé almennt sambærilegt. Því hefur verið áskorun að finna og innleiða Verkefnastjórnunar aðferð sem nýtist í öllum verkefnum. Með innleiðingu OKR hefur fundist lausn sem gerir vinnu verkefnastjóra markvissari og sambærilegri um leið og hver og einn getur notað samhliða OKR Verkefnastjórnunar og skipulagsaðferðir sem sniðnar eru að hverju einstöku verkefni.

Starfsáætlun er byggð á áætlunum verkefnanna sem Austurbrú hýsir sem þverfagleg verkefnastofa um málefni Austurlands. Hvert verkefni er hluti af þeirri heildaraðgerðaáætlun sem Svæðisskipulag Austurlands er og segja má að ekkert verkefni sé tekið inn í verkefnaflóru Austurbrúar nema það hafi vísan í Svæðisskipulagið. Með gerð nýrrar Sóknaráætlunar Austurlands verður til enn skýrari rammi um þá stefnu og þau verkefni sem áhersla er á og þær afurðir sem verkefnunum er ætlað að skila





BYGGÐA- OG ATVINNUMÁL – MARKMIÐ OG LYKILNIÐURSTÖÐUR

Grunnurinn að starfi Austurbrúar í byggða- og atvinnuþróun er samningur Austurbrúar við Byggðastofnun um byggða- og atvinnuþróun. Einnig byggja verkefni á samningi við Ferðamálastofu og fjármagni úr Sóknaráætlun Austurlands. Þá kemur fjármagn á nær hverju ári í sérverkefni í gegnum styrkumsóknir og eða frá ráðuneytum. Byggða- og atvinnumál mynda stærsta málaflokk Austurbrúar hvað varðar verkefnabreidd en undir málaflokkinn heyra verkefni er snúa að byggðaþróun, atvinnuþróun, atvinnuráðgjöf, markaðsmál, Áfangastað Austurlands, Matarauður Austurlands, BRAS, menningarhátíð fyrir börn og ungmenni á Austurlandi. Auk þess eru samningar um sérstök verkefni s.s. Brothættar byggðir og önnur verkefni sem Austurbrú tekur að sér.

Málaflokkurinn inniheldur verkefni sem eru þvert á aðra málaflokka og krefjast mörg verkefnanna aðkomu verkefnastjóra sem tilheyra málaflokki rannsókna og samfélagsþróunar og/eða snerta málefni SSA. Þá er unnið samkvæmt Svæðisskipulagi Austurlands og Sóknaráætlun Austurlands sem hvoru tveggja eru heildstæðar stefnur og áætlanir sem starfsemi Austurbrúar byggir á.

Á árinu 2025 verður byrjað að vinna að mörgum þeim markmiðum og aðgerðum sem eru í nýrri Sóknaráætlun Austurlands til 2029 og byggja á Svæðisskipulagi Austurlands. Eins og sjá má á markmiðum í köflunum hér fyrir neðan eru helstu áherslur árið 2025 að efla Austurland sem áfangastað á fjölbreyttan hátt. Vinna að því að koma á beinu flugi um Egilsstaðaflugvöll. Starfa með frumkvöðlum og fylgja eftir þátttakendum í hraðlinum Austanátt sem fram fór á árinu 2024.

Lögð verður áfram áhersla á hinar dreifðu byggðir Austurlands með áherslu á nýsköpun til sjávar og sveita. Verkefninu Sjávarföll sem byrjaði árið 2024 verður framhaldið og ætlunin er að stækka það verkefni. Efla á Matarauð Austurland enn frekar, m.a. með því að austfirsk matvara sé í boði í öllum verslunum á Austurlandi og



verði þar sýnileg með sérmerkingum. Unnið verður að því að menningarstarf eflist og dafni með fjölbreytilegri barnamenningu og viðburðum í menningarmiðstöðvunum. Þá er ætlunin að auka enn frekar samstarf um markaðssetningu á menningar- og íþróttaviðburðum tengdum ferðaþjónustu.

• ÁFANGASTAÐURINN AUSTURLAND OG MARKAÐSMÁL

Áfangastaðurinn Austurland snýr að verkefnum sem ætlað er að efla Austurland sem áfangastað ferðamanna og markaðssetja svæðið sem áhugaverðan kost til að heimsækja en einnig til búsetu og starfa. Verkefnin byggja á samningum við Ferðamálastofu, Íslandsstofu og sveitarfélögin á svæðinu. Markaðssetning áfangastaðarins Austurlands felur í sér markaðssetning landshlutans, að sækja ferðasýningar, móttöku blaðamanna, áhrifavalda og ferðaskrifstofa, halda úti sameiginlegum ferðavef fyrir Austurland sem og sýna frá áfangastaðnum á samfélagsmiðlum.

Efling Egilsstaðaflugvallar er eitt af stærstu verkefnum áfangastaðarins þar sem unnið er að því að koma á beinu millilandaflugi um Egilsstaðaflugvöll með því að styrkja og efla áfangastaðinn Austurland allt árið um kring.

Markmið

Að lengja ferðatímabilið, dreifa betur úr ferðamönnum og lengja dvöl þeirra á svæðinu. Setja fram verkefnaáætlun fyrir Ferðamálastofu með skilgreindum áhersluverkefnum. Endurskoða markhópagreiningu fyrir Austurland. Uppfæra og betrubæta framsetningu efnis á nýsameinuðum ferðavef sveitarfélaganna, Visit Austurland. Auka vitund á skíðasvæðum og afþreyingu yfir vetrarmánuði. Að auka vitund á gönguleiðum á Austurlandi. Fjölga lesendum og fylgjendum á vef og samfélagsmiðlum. Auka áhuga einstaklinga til að heimsækja Austurland allt árið um kring, með sérstaka áherslu á vetrarferðaþjónustu og axlartímabil. Vinna með ljósmyndurum og áhrifavöldum sem passa markhópum og leggja áherslu á að segja sögur og sýna raunsanna mynd af Austurlandi. Stuðla að fjölgun áfangastaða ferðafólks til að dreifa gestum betur um svæðið og vinna að jákvæðara viðhorfi íbúa gagnvart ferðafólki. Að koma beinum millilandaflugferðum um Egilsstaðaflugvöll, bæði leigu-og/eða áætlunarflugi með markaðssetningu sem byggir á áfangastaðaáætlun og heimsóknnum til ferðaskrifstofa og flugfélaga. Einnig að vinna að stækkun flughlaðs á Egilsstaðaflugvelli. Fjölga samstarfsaðilum Austurbrúar í ferðaþjónustu og efla samstarf og samtal á milli ferðaþjónustuaðila á Austurlandi.

Lykilniðurstöður

- Fleiri sem heimsækja Austurland en árið áður, gestir dreifast betur um svæðið og dvelja lengur
- Aukin vitund á skíðasvæðum, vetrarafþreyingu og gönguleiðum Austurlands.
- Bættur vefur Visit Austurland með fókusi á dreifingu áfangastaða.
- Umferð um Vefinn Vist Austurland aukist um 10%
- Markhópagreining áfangastaðaáætlunar uppfærð.
- Ímyndar- og vitundarherferðir (Brand awareness) á samfélagsmiðlum og í öðrum miðlum 2x yfir árið
- Bæta mælingar til að meta fjölda gesta er varðar gistinætur og heimsóknir á áfangastaði
- Markaðsefni í tengslum við Egilsstaðaflugvöll uppfært.
- Tvær heimsóknir til ferðaskrifstofa eða flugfélaga sem hafa sýnt áhuga á að hefja leiguflug til Egilsstaða
- Ákvörðun um leiguflug til Egilsstaðaflugvallar liggja fyrir.
- Ákvörðun um stækkun flughlaðs.
- Uppfært markaðsefni sérsniðið fyrir flugfélög/ferðaskrifstofur í flugi tilbúið
- Verslanir bæti vöruúrval á háannatíma og umferð sé greiðari á álagsstöðum, sem skili sér í jákvæðara viðhorfi til ferðamanna, skv. árlegum mælingum Ferðamálastofu
- Útskotum á vegum fjölgi um fimm til að auka öryggi vegfarenda
- Bætt tenging íþróttar og menningar við ferðaþjónustu, aukinn fjöldi ferðafólks sækir viðburði.
- Aukin samvinna sveitarfélaga um skíða- og gönguskíðasvæði, sameiginlegur passi
- Tekjur af samstarfsamningum hækki um 5% frá 2024.
- Haldnir að minnsta kosti sex morgunfundir og einn haustfundur ferðaþjónustunnar á árinu.



- Fjölga ljósmyndum um 100 og myndböndum um 10 í myndabanka Austurbrúar

• **ATVINNUÞRÓUN OG ATVINNURÁÐGJÖF**

Fjölbreytt atvinnulíf er undirstaða byggðar og Austurbrú sinnir, fyrir tilstilli samnings við Byggðastofnun atvinnuráðgjöf við fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri um allan fjórðunginn. Austurbrú heldur utan um samstarfssamninga við fyrirtæki og rekstraraðila á Austurlandi og styður við þá hvað varðar markaðssetningu og býður reglulega til samtals við Austurbrú um þarfir þeirra. Mikilvægt er að fjölga atvinnutækifærum í þeim byggðalögum sem búa við fábreytni í atvinnulífi til að tryggja endurnýjun samfélaga. Því leggur Austurbrú mikla áherslu á að styðja við nýsköpun og við frumkvöðla á öllu Austurlandi með viðtölum og upplýsingum svo skapa megi ný tækifæri, ekki síst fyrir ungt fólk sem vill snúa aftur til sinna heimahaga að loknu námi. Atvinnuráðgjöf og stuðningur við smærri fyrirtæki miðar að því að auka úthald og getu aðila í hefðbundnum rekstri, frumkvöðla og þeirra sem hyggja á nýsköpun hjá starfandi fyrirtækjum. Mikilvægt er að þessi ráðgjöf sé sýnileg og aðgengileg. Austurbrú leitast við að vera í samskiptum við þá sem eru í virkum verkefnum og aðstoða við gerð áætla, fjárfestinga og myndun tengslanets og styðja við fyrirtæki í að skapa ný tækifæri, t.d. með bættum innviðum, s.s. flugi og bættu vegasambandi.

Grunnurinn að þessari vinnu er samningur Austurbrúar við Byggðastofnun um atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni, sem gerir kleift að sinna:

- Ráðgjöf varðandi fjármögnun verkefna.
- Ráðgjöf við stofnun, þróun og rekstur fyrirtækja á svæðinu.
- Ráðgjöf og aðstoð við styrkjaumsóknir.
- Ráðgjöf og aðstoð við lánafyrirgreiðslu hjá Byggðastofnun og öðrum fjármálastofnunum.
- Ráðgjöf vegna kynslóðaskipta í landbúnaði.
- Samtal og samstarf við atvinnulíf og atvinnugreinar Austurlands (sjávarútvegur, ferðaþjónusta, landbúnaður, iðnaður, verktakar, byggingariðnaður).

Markmið

Að auka þjónustu við starfandi fyrirtæki með heimsóknum til að styðja við þróun og rekstur fyrirtækja á svæðinu. Að styðja við frumkvöðla og nýsköpun með viðtölum, vinnustofum og ráðgjöf vegna styrkumsókna, t.d. í Uppbyggingarsjóð, Tækniþróunarsjóð, Lóuna, Matvælasjóð o.fl. Styðja við nýmæli í landbúnaði, t.d. varðandi ræktun, nýtingu skógarauðlindar og að veita stuðning vegna kynslóðaskipta, bæði í landbúnaði og fyrirtækjum. Unnið verði markvisst með fyrirtækjum og einstaklingum að því að efla kornræktun og vinnslu á korni á Austurlandi. Stuðla að öflugra samstarfi atvinnulífs á svæðinu og skapa með þeim hætti formlegan vettvang sem stuðli að jákvæðari atvinnu- og byggðaþróun. Samgöngur eru lykilatriði í byggða- og atvinnuþróun og er mikilvægt að Austurland setji sér markvissa stefnu í samgöngumálum sbr. markmið í Sóknaráætlun.

Lykilniðurstöður

- Styrkhlutfall á Austurlandi sé a.m.k. 20% í Lóu - nýsköpunarstyrkjum fyrir landsbyggðina
- Kynningarátak á skógarauðlind Austurlands með áherslu á þau tækifæri sem hún er að skapa.
- Nýsköpunarkeppni með áherslu á hönnun þar sem horft er til nýtingar á skógarauðlind Austurlands.
- Kornræktun á Austurlandi aukist um a.m.k. 20% og þurrkun á hefðbundnu korni hefjist á svæðinu.
- Kommið verði upp sérstöku svæði á heimasíðu Austurbrúar með upplýsingum um þær áskoranir sem tengjast kynslóðaskiptum í rekstri, einkum í dreifbýli og þá möguleika sem í boði kunna vera.
- Haldin a.m.k. 12 fræðsluerindi/vinnustofur á árinu (hádegisfundir eða vinnustofur) í tengslum við byggða- og atvinnuþróun
- Haldin a.m.k. tvö málþing sem tengjast byggða- eða atvinnuþróun á Austurlandi.
- Stofnun samráðshóps atvinnulífs á Austurlandi og samhliða unnið að stofnun fjárfestingasjóðs til að efla atvinnulíf á svæðinu
- Samþykkt Samgöngusáttmála fyrir Austurland í samstarfi við SSA



- Halda fjórar vinnustofur eða fræðsluerindi þar sem þátttakendum í nýsköpunarhraðlinum Austanátt er sérstaklega boðið að taka þátt.

• BYGGÐAÞRÓUN

Sveitarfélög á Austurlandi standa frammi fyrir áskorunum vegna smæðar og dreifingar byggðakjarna, einhæfs atvinnulífs og skorti á innviðum. Verkefni Austurbrúar í byggðaþróun grundvallast á samvinnu og stuðningi Byggðastofnunar, bæði við einstök byggðarlög undir merkjum Brothættra byggða, en einnig sértækum verkefnum sem byggja á hugmyndafræði þeirra og styðja við og efla þróun í minni byggðarlögum og sveitum. Þar á meðal eru verkefni sem snúa að atvinnuuppbyggingu á Seyðisfirði. Einnig stuðning við byggðarlög sem hafa nýlega lokið verkefnum í anda Brothættra byggða, s.s. Breiðdalsvík, Borgarfjörð eystri og Fljótsdal, svo og verkefni sem ætlað er að styðja við nýsköpun og eflingu búsetugæða í sveitum s.s. byggðaþróunarverkefninu Vatnaskilum og stuðningi við Nýtingareldhús á Vopnafirði.

Auk þessa vinnur Austurbrú að jákvæðari byggðaþróun með sveitarfélögum á Austurlandi, Búnaðarsambandi Austurlands, Félagi ungra bænda, o.fl.

Austurbrú nýtur stuðnings Byggðastofnunar í verkefninu Sterkur Stöðvarfjörður en nýtir einnig verkefnið um atvinnuþróun til að efla byggðir fjórðungsins enda atvinnulíf uppistaða byggðar. Þá er samlegð og samvinna við verkefni sem eru fjármögnuð að hluta eða öllu leyti með styrkjum eða samningum, s.s. samstarfssamning við Vopnafjörð, byggðaþróunarverkefnið Vatnaskil og Sjávarföll og atvinnuuppbyggingu á Seyðisfirði, o.fl.

SSA hlaut styrk árið 2021 til að safna saman upplýsingum um rými á Austurlandi sem nýst geta undir óstaðbundin störf/störf án staðsetningar. Unnin var heimasíða sem hýst er undir austurland.is, en þar má finna upplýsingar um þau rými sem í boði eru. Árið 2025 verður áfram unnið í verkefninu og gert ráð fyrir því að fjölga rýmum sem í boði eru og gera þau sýnilegri fyrir íbúa og aðra sem gætu haft not af þeim .

Umhverfis- og skipulagsmál eru stór hluti af áherslum Svæðisskipulags Austurlands og komið var upp starfi verkefnastjóra verkefna sem tengjast þeim málaflokkum. Á árinu 2025 verður unnið að svæðisáætlun um úrgangsmál og aðgerðaáætlun sett fram sem fylgja þarf eftir með stofnun vinnuhóps. Greina þarf aðstöðu fyrir úrgangsefni og skoða möguleika á sorporkuveri. Einnig er ætlunin að halda umhverfisþing á Austurlandi. Eitt af verkefnum í skipulagsmálum verður að stuðla að uppbyggingu samvinnuhúsnæðis í flestum byggðarlögum á Austurlandi. Til þess verður leitað leiða eins og að sækja í C1 lið Byggðaáætlunar.

Markmið

Að vinna að verkefninu Sterkari Stöðvarfjörður með íbúum og Byggðastofnun og fylgja eftir markmiðum um uppbyggingu í ferðaþjónustu og innviðum s.s. útivistarsvæðum. Að skjóta styrkari stoðum undir atvinnulíf á Stöðvarfirði með því að styðja við einyrkja í atvinnurekstri og auka fjölbreytni m.a. með uppbyggingu samvinnuhúsnæðis.

Lokið verði við verkefni stjórnvalda sem hefur miðað að því að styðja við nauðsynlega uppbyggingu á Seyðisfirði hvað varðar öruggt svæði til atvinnustarfsemi og eftirfylgd með laga- og reglugerðarbreytingum vegna ofanflóðatjóna.

Koma á framfæri aðstöðu fyrir óstaðbundin störf í fjórðungnum og leitast þannig við að fjölga störfum og auka fjölbreytni starfa í boði.

Styðja við nýtt verkefni um Nýtingareldhús fyrir matvælaframleiðendur á Vopnafirði. Styðja við starfandi fyrirtæki með því að útvíkka starfsemi, efla vöruþróun eða styrkja markaðshlutdeild.

Á árinu 2025 verður unnið að svæðisáætlun um úrgangsmál og aðgerðaáætlun sett fram sem fylgja þarf eftir með stofnun vinnuhóps. Greina þarf aðstöðu fyrir úrgangsefni og skoða möguleika á sorporkuveri. Einnig er ætlunin að halda umhverfisþing á Austurlandi.

Lykilniðurstöður

- Ein verslun komin á Stöðvarfjörð
- Þrjú QR skilti komin upp sumarið 2025 með gps hnitum af gönguleiðum um Stöðvarfjörð
- Tvö ný námskeið verða í boði fyrir íbúa Stöðvarfjarðar



- Einu leiktæki a.m.k. verði komið upp á Stöðvarfirði.
- Einn göngustígur komin á Balann á Stöðvarfirði
- Ein umsókn í C1, þarfagreining á samvinnurými á Stöðvarfirði
- Ákvörðun Verkefnisstjórnar Seyðisfjarðarverkefnis um hvernig viðbótarframlagi ríkisstjórnar til verkefnisins verður varið.
- Lokið verði við öll verkefni sem fengið hafa stuðning úr Hvatasjóði Seyðisfjarðarverkefnisins.
- Vefur um aðstöðu á Austurlandi fyrir óstaðbundin störf verði uppfærður tvisvar sinnum árið 2025 og rýmum, sem kynnt eru á honum, fjölgi um a.m.k. þrjú.
- Svæðisáætlun um úrgangsmál auglýst og kynnt og samþykkt í öllum sveitarstjórnnum Austurlands fyrir apríl lok.
- Stofnun sameiginlegs fasts vinnuhóps um úrgang ("Úrgangsráð Austurlands").
- Sameiginleg aðstaða fyrir úrgangsefni á Austurlandi verði skoðuð og greind.
- Ítarleg greining á möguleikum á sopporkuveri fyrir Austurland verði framkvæmd.
- Umhverfisþing haldið.

• SÉRVERKEFNI OG VIÐBURÐIR

Austurbrú sinnir verkefnastjórn mikilvægra viðburða og sérverkefna á Austurlandi sem skipta miklu máli fyrir menningu og samfélag svæðisins. Meðal þeirra eru barnamenningarhátíðin BRAS, Dagar myrkurs og Matarauður Austurlands. Fyrsta BRAS hátíðin var haldin haustið 2018 og hefur síðan þá vaxið og dafnað. Meginmarkmið hátíðarinnar er að bjóða börnum og ungmennum á Austurlandi upp á lista- og menningarviðburði í heimabyggð. Árið 2025 er ætlunin að halda áfram að stækka hátíðina, tryggja að lágmarki 80% barna og ungmenna fái notið a.m.k. eins viðburðar og að fjölga samstarfsaðilum um a.m.k. þrjá. Því til viðbótar hyggst stýrihópur BRAS að sækja eina ráðstefnu í Evrópu þar sem fjallað er um barnamenningu og koma á samstarfi við hóp og/eða hópa sem hafa sambærileg markmið og BRAS. Sótt verði um styrki til samstarfsins.

Dagar myrkurs hafa verið haldnir með ýmsu sniði síðan um aldamótin 2000 þar sem komu vetrar er fagnað. Meginmarkmið hátíðarinnar árið 2025 verður að halda áfram að bjóða íbúum á Austurlandi upp á fjölbreytta viðburði sem stuðla að samveru íbúa. Árið 2025 er stefnt að samstarfi með viðburðinum List í ljósi í tilefni 10 ára afmælis hans en hann er haldinn í febrúar ár hvert til að fagna komu ljóssins og ætlum við að samvinna þessar tvær hátíðir á Dögum myrkurs 2025.

Eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Austurlands er að efla menningarstarfsemi á Austurlandi. Unnið verður í samstarfi við aðra landshluta, menningarstofnanir á landsvísu og með menningarstofnunum á Austurlandi. Menningarstarf á Austurlandi er öflugt og Austurbrú starfar með menningarmiðstöðvum svæðisins að ýmsum viðburðum sem og öðrum menningarstofnunum s.s. söfnum. Austurbrú starfar með aðilum og stofnunum í menningarstarfsemi og hefur að leiðarljósi stefnu Svæðisskipulags Austurlands. Einnig er sérstakt verkefni varðandi menningu á Seyðisfirði, Miðstöð menningarfræða, og styður það við starfsemi menningarstofnana þar og stundar menningartengdar rannsóknir.

Matarauður Austurlands hefur það að markmiði að hlúa að matvælaframleiðendum á Austurlandi, styðja við þá, auka sýnileika og samstarf við þau sem framreiða og selja matvæli. Matarauðurinn hefur í fjórgang staðið fyrir Matarmóti Austurlands þar sem framleiðendur sýna og selja vörur sínar og verður fimmta Matarmótið haldið haustið 2025. Því til viðbótar verði matvörur matvælaframleiðenda seldar í langflestum dagvöruverslunum á Austurlandi eigi síðat en vorið 2025. Þá ætlar Matarauður Austurlands, í samstarfi við austfirskt matreiðslufólk að halda kokkakeppni á Austurlandi. Verkefnið Sjávarföll hófst árið 2024 eftir að styrkur fékkst frá C1 verkefnum Byggðastofnunnar og verður meirihluti þess unnin á árinu 2025. Sjávarföll snýst um að greina og stuðla að yfirfærslu þekkingar á sjávarhandverki eins og hákarlaverkun, harðfiskverkun og signum fiski. Auk þess verður unnið áfram að því að auka sýnileika og framboð á austfirskum sjávarafurðum.



Markmið

BRAS hátíðin stefnir að því að bjóða upp á listar- og menningarviðburði í öllum byggðakjörnum á Austurlandi, fyrir leik-, grunn- og tónlistarskóla. Einnig að fjölga samstarfsaðilum, sem stýra stofnunum á Austurlandi. Stefnt er að því að stýrihópur BRAS sækir Barnamenningarráðstefnu í Evrópu á árinu 2025.

Dagar myrkurs verði haldnir um allt Austurland dagana í kringum Hrekkjavöku og 2025 verði farið í samstarf við List í ljósi, í tilefni af 10 ára afmælis hátíðarinnar.

Unnið verði að eflingu menningar á Austurlandi með því að tryggja að þjóðmenningarstofnanir s.s. Þjóðleikhús og Sinfóníuhljómsveit Íslands sinni hlutverki sínu sem menningarstofnanir allar þjóðarinnar og sinni Austurlandi með reglubundnum hætti. Auka skal tengsl menningar og ferðaþjónustu með áherslu á safnasamstarf og sýnileika og að tengja betur íþróttir og menningartengda viðburði við ferðaþjónustu. Efla á faglegt starf safna með fjölgun viðurkenndra safna. Eiga samráð við bókasöfn með það að markmiði að efla þau sem samfélagsmiðstöðvar Vinna að menningarstefnu Austurlands. Miðstöð menningarfræða styður áfram við menningarstarfsemi á Seyðisfirði og sinnir rannsóknum og þróunarverkefnum tengdum menningu á Seyðisfirði.

Matarauður Austurlands vinnur á margvíslegan hátt að því að styðja við matarauðlindina á svæðinu með því að auka sýnileika austfirskra vara og hráefna og hvetja framleiðendur til að nýta betur vannýtt hráefni og landsins gæði. Sveitarfélög á Austurlandi verða hvött til að setja sér innkaupastefnu um að kaupa mat úr héraði og af framleiðendum á svæðinu. Á Matarmóti Austurlands verði haldin kokkakeppni í samstarfi við Hótel- og veitingaskólann og kokka á svæðinu. Verkefnið Sjávarföll komi á samstarfi við Háskóla Íslands varðandi rannsókn á sjávarhandverki og að austfirskur eldislax verði til sölu á Austurlandi.

Lykilniðurstöður

- Að 80% barna hafi fengið list- og/eða menningarviðburð í sínum byggðarkjarna gegnum BRAS
- Samstarfsaðilum BRAS hjá austfirskum stofnunum fjölgi um a.m.k. þrjá
- Stýrihópur BRAS hafi farið á Barnamenningarráðstefnu í Evrópu
- Mynduð hafi verið sambönd við aðila sem sinna Barnamenningu í Evrópu
- Hafin vinna við samstarfsúmsókn fyrir BRAS fyrir lok árs 2025
- Listamaður frá List í ljósi heimsæki a.m.k. sex byggðakjarna á Austurlandi með verkefni sem sameinar List í ljósi og Daga myrkurs
- Allir byggðarkjarnar á Austurlandi taki þátt í Dögum myrkurs
- Viðburðum fjölgi um 10% frá árinu áður á Dögum myrkurs
- Austurbrú og menningarmiðstöðvar Austurlands fundi með Þjóðleikhúsi og Sinfóníuhljómsveit Íslands með samstarf í huga
- Tveir fundir menningarfulltrúa með menningarmiðstöðvum og markaðssviði Austurbrúar.
- Fundur menningarfulltrúa í apríl með aðstandendum helstu viðburða á Austurlandi
- Menningarfulltrúi haldi tvo fundi með söfnum á Austurlandi
- Menningarfulltrúi haldi tvo fundi með bókasöfnum á Austurlandi
- Gert verði mat á sýnileika viðburða og fjölda ferðafólks á þeim.
- Vinnu við menningarstefnu Austurlands lokið fyrir mitt ár 2025.
- Tvö rannsóknarverkefni unnin eða hafin gegnum MMF á árinu 2025
- Innkaupastefnur sveitarfélaga um að kaupa af matvælaframleiðendum á svæðinu liggi fyrir í árslok 2025
- Tíu austfirskir framleiðendur selji vörur sínar í átta dagvöruverslunum á Austurlandi
- Tíu austfirskir framleiðendur merki vörur sínar með Austurlandsstjórnunni
- Fimm austfirskir veitingastaðir merki austfirska rétti á matseðli með Austurlandsstjórnunni
- Þrír austfirskir framleiðendur verði komnir af stað með nýsköpun sem tengist vannýttum hráefnum.
- Þrír austfirskir framleiðendur verði komnir af stað með nýjar vörur sem byggja á nýtingu á landsins gæðum
- Haldin verði kokkakeppni í tengslum við Matarmót

- Fimm veitingastaðir á Austurlandi taka þátt í Upptakti Matarmóts með því að bjóða upp á "Pop up" matseðil í aðdragandanum.
- Samtali komið á milli núverandi framleiðenda vöru á borð við hákarl og harðfisk til að kenna nýjum aðilum
- Greining á handverki í sjávarútvegi verði gerð
- Lax verði í boði í a.m.k. tveimur verslunum á Austurlandi og seldur á Matarmóti Austurlands





FRÆDSLUMÁL - MARKMIÐ OG LYKILNIÐURSTÖÐUR

Fræðsluverkefni Austurbrúar byggja á samstarfssamningum við bæði opinbera aðila og einkaaðila með það að markmiði að tryggja fjölbreytta og aðgengilega þjónustu á sviði fræðslumála fyrir alla fullorðna á Austurlandi. Starfsemin nær yfir þjónustu fyrir háskólanema, íslenskukennslu fyrir innflytjendur, námskeið fyrir fólk með fötlun og fyrirtækjaþjónustu sem aðstoðar vinnustaði við fræðslugreiningar og framkvæmd fræðsluáætlana. Jafnframt eru gerðir samningar um náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og rekstur námsleiða samkvæmt námsskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Starfið er undir eftirliti og viðurkenningu Menntamálastofnunar og byggir á rekstri gæðakerfis sem tryggir fagleg vinnubrögð og árangur.

- **HÁSKÓLAMÁL**

Háskólaþjónusta Austurbrúar býður prófaþjónustu sem uppfyllir gæðakröfur, aðstöðu fyrir háskólanema og námsráðgjöf. Verkefnið miðar að því að fjölga fjarnámsleiðum, þróa staðbundin tækifæri og byggja upp faglegt samráðsnet.

Markmið

Prófaþjónustan uppfyllir gæðakröfur menntastofnana. Framkvæma könnun á prófaþjónustu Austurbrúar. Háskólanemum boðin ókeypis námskeið er tengjast námi og verkefnavinnu. Byggja upp samráðsnet fagfólks er sinnir háskólakennslu, rannsóknnum og móttöku innlendra- og erlendra námshópa. Unnið að framtíðarsýn háskólaþjónustu á Austurlandi með aðkomu samráðsnets fagfólks er sinnir þjónustu við háskólanema á Austurlandi.

Lykilniðurstaða

- Engar kvartanir berast



- Niðurstöður könnunar meðal háskólanema liggja fyrir
- Boðin verða fram 3 námskeið fyrir háskólanema yfir skólaárið.
- Samráðsfundur fagaðila
- Stefnuskjal um háskólaþjónustu á Austurlandi

• SÍMENNTUN

Símenntun býður fjölbreytt úrval námskeiða fyrir fagaðila og almenning, þar með talin námskeið fyrir fólk með fötlun, íslenskunámskeið fyrir fólk af erlendum uppruna og námsleiðir fyrir einstaklinga með stutta formlega menntun. Einnig er lögð áhersla á að bjóða fram stök námskeið eftir óskum frá aðilum á Austurlandi.

Markmið

Lögð áhersla á að bjóða fólki með fötlun stök námskeið og námsleið til einstaklinga sem vilja styrkja sig persónulega og til að komast inn á vinnumarkaðinn.

Að bjóða fólki af erlendum uppruna upp á íslenskunámskeið á hæfniprepum A1-1 til B1-2 og bjóða fólki af erlendum uppruna íslenskunámskeið í gegnum fjarkennslu á hæfniprepum A2-2 til B2. Að þróa íslenskunámskeið í samvinnu við vinnuveitendur ákveðins faggeira þar sem sérstök áhersla er lög á þjálfun á fagtengdum orðaforða. Unnið verður áfram að þróun Lísu - íslenskuapps til stuðnings við íslenskukennsluna og námskeiðin.

Framboð stakra námskeiða nær bæði til fagaðila og almennings. Markmiðið er að námskeiðin sem í boði eru gagnist þátttakendum nokkuð eða mjög vel í starfi.

Að greina frá og miðla upplýsingum um fræðsluþjónustu AB í fjölmiðlum. Mikilvægt er að tryggja fjármögnun grunnverkefna og auka námsúrvalið. Að bjóða einstaklingum stutta formlega menntun tækifæri til náms í gegnum mismunandi námsleiðir. Markmiðið er að aðlaga og þróa námsþætti námsleiða í auknu mæli sem blöndu af stað og fjarkennslu (LearnCove). Halda utan um og þróa áfram nám og miðlun náms innan Stóriðjuskólans, m.a. út frá fjöltyngi markhópsins.

Lykilniðurstaða

- Haldin minnst 8 námskeið fyrir fólk með fötlun og námsleiðin færni á vinnumarkaði boðin fram haustið 2025
- Haldin minnst 20 námskeið í íslensku fyrir fólk af erlendum uppruna og/eða fjöldi þátttakenda á námskeiðum verði ekki undir 270 manns
- Haldin verða 4 fjarnámskeið í íslensku fyrir fólk af erlendum uppruna
- Eitt fagtengt íslenskunámskeið boðið fram
- Lísu appið endurbætt eftir rýni og tilbúið til miðlunar/notkunar
- Minnst 5 stök fagnámskeið verða í boði og 8 stök námskeið almenns eðlis.
- Ánægjan með námskeið fari ekki undir 75%
- Minnst 12 umfjallanir í héraðs- og landsblöðum og 2 í hlaðvörpum.
- Stefnt á að fá 8-10% meira fjármagn í námsleiðir.
- Bjóða fram 8 mismunandi námsleiðir
- Að 3 námsþættir í námsleiðinni Líf og heilsa verði aðgengilegir á rafrænu formi.
- Endurskoðuð kennsluskrá fyrir grunnnám í stóriðju.

• RÁÐGJÖF OG RAUNFÆRNIMAT

Austurbrú býður fram þjónustu náms- og starfsráðgjafa auk þess að bjóða einstaklingum í raunfærnimat. Lögð er áhersla á að kynna þjónustuna sem og að meta gæði hennar með könnunum til þjónustuþega.



Markmið

Að greina gæði þjónustunnar með könnun til þjónustuþega. Að kynna þá faglegu þjónustu sem er í boði hjá náms- og starfsráðgjöfum AB með kynningarátaki á samfélagsmiðlum og veita náms- og starfsráðgjöf og bjóða upp á raunfærnimat.

Lykilniðurstaða

- 80% segja að náms- og starfsráðgjöfin nýtist vel eða mjög vel. 80% segjast ánægð eða mjög ánægð með skipulag raunfærnimatsins.
- Tvö kynningarátök á Facebook/Instagram, annað að vori hitt að hausti.
- Kynning fer fram á minnst 15 námskeiðum/námsleiðum AB.
- Að 100 einstaklingar nýti sér náms- og starfsráðgjöf og 30 fari í gegnum raunfærnimat

• FYRIRTÆKJAFRÆÐSLA – FRÆDSLUGREININGAR & FRÆÐSLUÁÆTLANIR

Fyrirtækjafræðsla Austurbrúar styður fyrirtæki við fræðslugreiningar, gerð og framkvæmd fræðsluáætlana í stað- og fjarkennslu. Lögð er áhersla á aðgengileika, raunfærnimat og markvissa námskeiðspróun með reglulegum gæðakönnunum til stjórnenda og starfsmanna.

Markmið

Markmiðið er að bjóða fyrirtækjum og stofnunum upp á að greina fræðsluþarfir og vinna fræðsluáætlun fyrir þau og kynna fyrir stjórnendum þá þjónustu sem fræðsluteymi AB veitir. Að fylgja eftir framkvæmd fræðsluáætlana og óskum um námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir. Leggja fyrir könnun um ánægju stjórnenda og starfsmanna fyrirtækja og stofnana með framkvæmd fræðsluáætlana.

Lykilniðurstöður

- Samningar gerðir um 4 fræðslugreiningar
- Að þjónusta minnst 10 fyrirtæki og stofnanir
- Ánægja þeirra fari ekki undir 75%
- Könnun verður lögð fyrir starfsmenn Launafis. Lagt upp með að ná 75% svörun.
- Að lágmarki 8 fyrirtækjum

• SÉRVERKEFNI

Sérverkefni fræðsluteymis Austurbrúar byggja á samvinnu og fela í sér þróun á blönduðum námsleiðum, áframhaldandi þróun náms í Stóriðjuskólanum, erlenda vinnuspeglun, og samstarfsverkefnum í tengslum við m.a. Símennt – samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, Vinnumálastofnun, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Markmið

Markmiðið er að viðhalda gæðakröfum AB námskeiða og framkvæma könnun til leiðbeinenda og nemenda á AB námskeiðum er varðar annars vegnar utanumhald og samskipti við verkefnastjóra og hins vegar um heildarupplifun á skipulagi námskeiðanna.

Gæðahandbók rýnd ásamt leiðbeiningum fyrir kennara og leiðbeinendur eftir að unnið hefur verið úr gæðakönnun námskeiða að vori.

Árlega fari teymi AB í „vinnuspeglun“ (job shadowing) erlendis til að auka víðsýni, færni og þekkingu á skilgreindum viðfangsefnum.

Lykilniðurstaða

- Ánægja leiðbeinenda fari ekki undir 80%
- Ánægja nemenda fari ekki undir 80%
- Í ágúst uppfærð gæðahandbók og leiðbeiningar til kennara
- Fræðsluteymið og eitt teymi ferða- og markaðsmála innan BA fari í fræðsluferð erlendis. Tveimur sérfræðingum að utan boðið til AB.





RANNSÓKNIR OG SAMFÉLAGSPRÓUN - MARKMIÐ OG LYKILNIÐURSTÖÐUR

Rannsókn- og greiningateymi Austurbrúar vinnur verkefni sem skipta má í fimm flokka eftir því hvaðan fjármagnið kemur sem liggur að baki:

- **Rannsóknir og þróunarverkefni** sem unnar eru að eigin frumkvæði sem hluti af samningi við HVIN ráðuneyti.
- **Styrkt verkefni** sem eru afrakstur umsókna í samkeppnissjóði eða aðra fjármögnunarpotta, oftast sem samstarfsaðilar en einstaka sinnum sem aðalumsækjandi. Hér undir falla Horizon 2020 verkefni, verkefni úr Byggðaáætlun, Nora, NPA og Alcoa Foundation.
- **Sérverkefni.** Verkefni sem unnin eru sem hluti af verkefnum annarra málaflokka s.s. ýmis verkefni úr Byggðaáætlun, þjónustu og frammistöðukannanir. Starfsánægju og þjónustukannanir, vinnustofur og samantektir. Einnig þátttaka í samstarfsverkefnum s.s. Íbúa- og fyrirtækjakönnunum landshlutanna.
- **Sjálfbærni-verkefni** Alcoa og Landsvirkjunar sem er vöktunarverkefni fyrirtækjanna varðandi samfélag efnahag og umhverfi.
- **Farsældarverkefni** sem hefst 2025 og er tveggja ára átaksverkefni sem hefur þann tilgang að koma á farsældarráði Austurlands. Unnið verður sérstaklega að farsæld barna og öryggismálum í stóru samhengi.

Austurbrú tekur þátt í samkeppnisumhverfi rannsókna og greiningarverkefna og sækir árlega um styrki til hinna ýmsu verkefna sem við teljum að séu Austurlandi til gagns. Einnig er reglulega leitað til Austurbrúar um samstarf og þátttöku í rannsóknar og greiningarverkefnum innanlands og erlendis.

Á árinu 2025 verður áframhaldandi vinna í Horizon 2020 verkefnum HuT, MEDiate og Natalie. Fyrstu tvö verkefnin sem bæði snúa að náttúruvá með áherslu á Seyðisfjörð eru á seinni hluta verkefnatímans. The MEDiate



Lýkur í september 2025 og HuT í september 2026. Austurbrú er í samvinnu við önnur lönd í Evrópu og innanlands eru samstarfsaðilar Austurbrúar Veðurstofan, Almannavarnir og Háskóli Íslands. Þátttaka í þessum verkefnum felur í sér samstarfsfundi með íslensku samstarfsaðilunum og heildarhópnunum sem tekur þátt í verkefninu og vinnslu í skilgreindum verkefnapökkum sem þátttaka í ársfundum verkefnanna sem oftast eru nokkurra daga vinnufundir. Þriðja verkefnið Natalie snýst um að vinna með sveitarfélögum á Austurlandi að því að finna heppilegar náttúrumiðaðar lausnir sem geta dregið úr náttúruvá. Verkefnið stendur fram til 2028 og er Matís samstarfsaðili á Íslandi en háskólarnir í Exeter og Tromsø eru einnig aðilar að íslenska tilvikssvæðinu sem er Austurland.

Á árinu 2025 stefnum við að því að finna nýtt verkefni til að taka þátt í gegnum Horizon2020 áætlunina eða sambærilega sjóði. Stefnt er að því að skoða betur félagslega seiglu í tengslum við náttúruhamfarir og mæla aftur líðan og stöðu íbúa á Seyðisfirði og bæta við Neskaupstað. Verkefnið er þó háð því að hægt verði að finna starfsmann með þá hæfni sem krafist er í svona vinnu. Leggja á áherslu og kapp á að markaðssetja og kynna þá þjónustu sem Austurbrú getur veitt varðandi ánægju og þjónustukannanir ýmiskonar fyrir fyrirtæki og stofnanir í nærsamfélaginu. Sjálfbærni-verkefnið er á tímamótum og árið 2025 verður uppgjör á verkefninu og verið er að leita að starfsmanni í verkefnið. Farsældarverkefnið fer af stað með kortlagningu hagsmunaaðila og hafin verður samvinna allra sem geta stuðlað að því að markmið samningsins og verkefnisins um farsæld barna náist.

Markmið

Austurbrú er að jafnaði þátttakandi í a.m.k. einu Horizon/sambærilegu verkefni á hverju ári. Sendar inn minnst 3 umsóknir í samkeppnissjóði á hverju ári sem tengjast verkefnasviðum Austurbrúar. Efla hlutfall starfsánægju og þjónustukannana fyrir fyrirtæki og stofnanir á Austurlandi. Uppgjör Sjálfbærni-verkefnisins skal ljúka fyrir árslok 2025. Vinna þarf að skýrslu, fréttum og samantektum. Kortleggja þarf þá aðila sem eiga hagsmuna að gæta varðandi farsæld á Austurlandi og sérstaklega farsæld barna. Farsældarráð skal stofnað og hlutverk þess skilgreint.

Lykilniðurstöður

- Eitt nýtt styrkt samstarfsverkefni á árinu
- Umsókn send í NORA eða NPA
- Tryggja samning við 2 fyrirtæki/stofnanir á Austurlandi um kannanir í 2-3 ár
- Birta 12 fréttir eða innslög á samfélagsmiðlum eða öðrum miðlum um verkefnið og niðurstöður þess
- Setja upp myndræna niðurstöðuskýrslu á heimasíðu verkefnis
- Stofnun farsældarráðs fyrir lok árs 2025





SSA - MARKMIÐ OG LYKILNIÐURSTÖÐUR

Verkefni sem heyra undir Samband sveitarfélaga á Austurlandi ganga mörg þvert á málaflokka Austurbrúar og vinna verkefnastjórar úr öllum málaflokkum að þeim verkefnum. Helsta verkefnið er framkvæmd og innleiðing Svæðisskipulags Austurlands og verkefni Sóknaráætlunar Austurlands, auk almenns rekstur SSA. Austurbrú sinnir hefðbundnum rekstri SSA með ársfundi, haustþingi og stjórnarfundum. Þá sinnir SSA hagsmunagæslu m.a. með umsagnagerð um þingsályktunartillögur og frumvörp er varða hagsmuni Austurlands og eftirfylgni með áherslum stjórnvalda í framþróunarmálum á landsbyggðinni. SSA veitir árlega menningarverðlaun og styður þannig við menningarlíf í landshlutanum og sinnir upplýsinga- og fræðsluverkefnum sem einkum eru ætluð sveitarstjórnarfólki með fundum og málþingum um einstök mál er varða landshlutann og íbúa hans. Stjórnarfundir Austurbrúar og SSA tryggja að stjórnarmenn séu upplýstir um starfsemi Austurbrúar og þau mál sem stjórn felur framkvæmdastjóra unnin á milli funda.

Árið 2025 tekur ný sóknaráætlun gildi og er hún til fimm ára. Hún er í fyrsta sinn byggð á Svæðisskipulagi Austurlands og liggur fyrir að vinna aðgerðaráætlun byggða á markmiðum Sóknaráætlunar og stefnu Svæðisskipulags. Kallað verður til samráðs með hagsmunaaðilum þar sem það á við til að hefja vinnu við markmið aðgerðaáætlunarinnar.

Undir sóknaráætlun heyrir Uppbyggingarsjóður Austurlands sem hefur stutt við fjölmörg verkefni á sviði menningar og nýsköpunar á gildistíma áætlunarinnar. Úthlutað hefur verið úr uppbyggingarsjóði frá 2015 en þá tók fyrsta sóknaráætlun Austurlands gildi. Um helmingur þess fjármagns sem lagt er árlega til sóknaráætlunar rennur til úthlutana Uppbyggingarsjóðs en hann styrkir nýsköpun í atvinnumálum og menningarverkefni. Tvö fagráð meta umsóknir, eitt á sviði menningar og annað á sviði atvinnu. Í hvort fagráð eru tilnefndir fimm sérfræðingar á mismunandi sviðum atvinnu og menningar. Þriggja manna úthlutunarnefnd vinnur úr niðurstöðu



fagráðanna, staðfestir og ber ábyrgð á úthlutun úr sjóðnum. Í fagráð og úthlutunarnefnd er skipað til tveggja ára í senn.

Á árinu 2025 verður sjóðurinn starfræktur með hefðbundnu sniði. Auglýst var eftir umsóknum fyrir verkefnaárið 2025 í lok árs 2024. Verkefnastjóri sjóðsins gengur frá samningum við þorra styrkþega verkefnaársins á fyrsta ársfjórðungi 2025 og gerir úttekt á upplifun styrkþega og umsækjenda. Verkefnastjóri til taks og ráðgjafar við styrkþega það sem eftir lifir árs.

Markmið

Gæða Svæðisskipulag Austurlands lífi með aðgerðaráætlun sem er samþætt aðgerðaráætlun Sónaráætlunar sem nær til næstu fimm ára. Komið verði á fót hópi sem fer með eftirfylgni og tryggir samráð við helstu hagaðila, einkum sveitarfélög. Hvetja til þess að samvinnuhúsum verði komið upp í sem flestum byggðakjörnum til að styðja við óstaðbundin störf og hvetja til nýsköpunar og þróunar.

Starfsemi SSA sé með hefðbundnum hætti og aðalfundur sé haldin að vori í samræmi við samþykktir SSA. Hefð hefur skapast að halda málþing um brýn hagsmunamál að loknum aðalfundi. Að haldið sé haustþing þar sem fulltrúar sveitarstjórnarstigsins koma sér saman um árlega stjórn málaályktun.

Uppbyggingarsjóður mun framkvæma úttekt/könnun á upplifun styrkþega/umsækjenda í Uppbyggingarsjóð og unnið verður með niðurstöður úttektar til að halda í og efla það sem ánægja er með um leið og lagfæra það sem betur mætti fara.

Lykilniðurstöður

- Verkefnahópur Svæðisskipulags stofnaður og virkjaður til reglulegrar starfsemi.
- Aðalfundur SSA haldinn
- Málþing SSA haldið
- Haustþing SSA haldið
- Menningarverðlaun veitt á haustþingi
- Úttekt á Uppbyggingarsjóði framkvæmd.
- Uppbyggingarsjóður stefnir á að loka öllum ókláruðum verkefnum frá fyrri árum, fyrir miðbik 2025.





INNRI MÁL - MARKMIÐ OG LYKILNIÐURSTÖÐUR

Austurbrú umsýslar rekstur verkefna og undir það falla öll verkefni sem tengjast sameiginlegri stjórnun, fjársýslu, rekstri, mannauðsmálum, kynningarstarfi og tækni/tölvuumsjón. Með því að skapa samlegð í stöðverkefnum verður til hagræði sem ein- og fámennistofnanir búa ekki við en gera Austurland sterkara sem heild í því umhverfi sem stjórnarsýslan starfrækir í dag.

Fjármögnun stofnunarinnar er gegnum hina ýmsu samninga, styrki og þjónustu. Undanfarin 3 ár hefur stofnunin verið í hópi framúrskarandi fyrirtækja sem er góður árangur í rekstri stofnunar sem byggir að ákveðnu leyti á óvissu með tekjur og fjármögnun verkefna hvert ár.

Mannauðsmál og innri ferlar eru að mestu leyti komin í ákveðin og formfastan farveg sem tryggir stöðugleika en um leið möguleika á að aðlagast þegar aðstæður breytast. Austurbrú er Heilsueflandi vinnustaður, býður upp á mikinn sveigjanleika í vinnuumhverfinu, heimavinnudaga og styttri vinnuviku. Sýn okkar í mannauðsmálum er að treysta sérfræðingum okkar til að vinna verkefni sjálfstætt, sýna frumkvæði og fagmennsku. Stjórnendur vinna saman á vikulegum fundum til að tryggja að miðlun upplýsinga sé sem best og fara yfir stöðu verkefna þannig að hægt sé að setja saman teymi og dreifa verkefnum á skilvirkan hátt.

Upplýsingagjöf og kynningarmál Austurbrúar hafa verið í stöðugri þróun frá byrjun. Hagaðilar stofnunarinnar gera kröfur um reglulega og vandaða upplýsingagjöf sem varpar ljósi á gang verkefna og á þá þjónustu sem Austurbrú veitir. Kynningarefni Austurbrúar er unnið með hliðsjón af fjórum markhópum sem eru sveitarfélög og aðrir hagaðilar á Austurlandi s.s. úr atvinnulífi á Austurlandi, stjórnvöld og almenningur. Megintilgangur kynningarmála Austurbrúar er að upplýsa um stöðu og árangur okkar verkefna og þar með gefa innsýn í hvernig fjármagn, sem til okkar er veitt, er nýtt. Markmið okkar kynningarstarfs er að auka sýnileika og upplýsingaflæði til okkar nærsamfélags. Við leggjum áherslu á varðandi kynningarmál:



- Vönduð vinnubrögð: Vandað er til verka í gerð kynningarefnis og lögð áhersla á vandaðan texta og myndefni. Upplýsingar sem við látum frá okkur eru réttar, skýrar og aðgengilegar.
- Fjölbreyni: Við viljum nýta sem flestar gerðir miðlunar til að koma frá okkur upplýsingum.
- Frumkvæði: Við ræktum tengsl við fjölmiðla og kappkostum að koma okkur á framfæri þannig að um okkur sé fjallað á okkar forsendum.

Innri kerfi fyrirtækisins eru hönnuð til að styðja við daglega starfsemi, hámarka skilvirkni og tryggja örugga og áreiðanlega rekstrargrunn. Við notum Office 365 sem miðlægan vettvang fyrir samskipti, samvinnu og gagnaumsýslu. Öll gögn eru vistuð í skýinu til að tryggja öryggi, aðgengi og afritun í rauntíma.

Við vinnum stöðugt að því að bæta og einfalda innri kerfi með áherslu á:

- Skilvirkni og einföldun: Regluleg úttekt á áskriftum og kerfum til að tryggja að þau séu í takt við þarfir fyrirtækisins.
- Samræming og sjálfvirkni: Samræmd stjórnun tækja og sjálfvirkni í grunnverkefnum til að spara tíma og auðlindir.
- Starfsmannamiðuð nálgun: Þjálfun og stuðningur fyrir starfsfólk í notkun kerfa til að hámarka nýtingu og draga úr óþarfa tæknivandamálum.

Markmið okkar er að skapa stöðugt og sveigjanlegt vinnu umhverfi sem styður við vöxt fyrirtækisins og eykur bæði framleiðni og starfsánægju. Með reglulegum endurbótum tryggjum við að kerfin haldist í fremstu röð og þjóni rekstrarþörfum á skilvirknan hátt.

Markmið

Að rekstur Austurbrúar 2025 verði jákvæður. Að starfsánægja og vellíðan starfsmanna heilt yfir aukist og starfsmenn sjái tilgang með störfum sínum og vilji starfa fyrir Austurbrú. Að ánægja með stjórnendum og traust til þeirra sér til staðar. Stjórnendum séu metnaðarfullir og ábyrgir í stjórnun.

Upplýsingagjöf til almennings og hagaðila Austurbrúar. Að framleiddir séu a.m.k. tólf hlaðvarpsþættir á ári. Útgáfa fréttabréfs Austurbrúar og lifandi samfélagsmiðlar. Forvirk almannatengsl og vönduð uppsetning kynningarefnis.

Innleiða Dynamics 365 CRM með grunnvirkni í notkun hjá öllum viðeigandi starfsmönnum. Ná 90% innleiðingu á Proton Pass í fyrirtækinu og tryggja að starfsmenn hafi fengið þjálfun í notkun þess. Þróa miðlægan leiðbeiningavef til að einfalda stuðning og styrkja starfsmenn til að leysa algeng IT-vandamál sjálfstætt. Framkvæma heildarúttekt á áskriftum og tækjum til að bæta nýtingu auðlinda.

Lykilniðurstöður

- Jákvæð niðurstaða ársreiknings
- Að spurningin Almennt er ég ánægð/ur í starfi hækki í 8,6
- Að starfsánægja starfsmanna heilt yfir hækki að jafnaði um 0,2 stig í hverjum flokki
- Spurningar um stjórnendum í starfsánægjukönnun séu allar með 7,5 í einkunn eða hærra
- Allir stjórnendum ljúki a.m.k. einni lotu í stjórnendaþjálfun (4-8 klst)
- Að heimasíða sé uppfærð með nýrri frétt/umfjöllun a.m.k. tvisvar á viku. Að yfir árið sé öllum málaflokkum AB gerð skil með fréttaumfjöllun.
- Bætt upplýsingagjöf til almennings og hagaðila Austurbrúar.
- Að útgefin séu á bilinu 8-10 fréttabréf á ári sem sendu eru áskrifendum þ.m.t. á fulltrúa atvinnulífs, sveitarfélaga og stjórnvalda.
- Að samfélagsmiðlar Austurbrúar, Facebook og Instagram, séu uppfærðir daglega.
- Að við ræktum góð samskipti við fjölmiðla, einkum fjölmiðla í nærumhverfinu, og höfum það markmið að um okkur sé fjallað - með jákvæðum hætti - a.m.k. tvisvar í mánuði.
- Að allt kynningarefni sem framleitt er innanhús - og á að rata fyrir almenningssjónir - sé rýnt með hliðsjón af grafík og yfirlesid m.t.t. málfars.
- Þjálfa 100% viðeigandi starfsfólks í notkun CRM fyrir lok 2. ársfjórðungs 2025



- Tryggja að 80% viðeigandi starfsfólks noti CRM daglega fyrir lok 3. ársfjórðungs 2025.
- Þjálfa 50% starfsfólks sem enn á eftir að læra á Proton Pass fyrir lok 1. ársfjórðungs 2025.
- Tryggja að 90% starfsmanna noti Proton Pass virkt fyrir vinnureikninga fyrir lok 2. ársfjórðungs 2025.
- Greina og forgangsraða að minnsta kosti 30 algengum tölvuvandamálum til að skrá þau fyrir lok 1. ársfjórðungs 2025.
- Búa til og birta að lágmarki 20 ítarlegar síður með skref-fyrir-skref leiðbeiningum fyrir tölvukerfin okkar fyrir lok 2. ársfjórðungs 2025.
- Þjálfa 100% starfsmanna í notkun leiðbeiningavefsins með vinnustofum eða stafrænni kennslu fyrir lok 3. ársfjórðungs 2025.
- Ljúka úttekt á öllum áskriftum og leyfum fyrir lok 1. ársfjórðungs 2025.
- Greina og sameina eða fjarlægja að minnsta kosti 20% ónýtt eða óþörf þjónustu fyrir lok 2. ársfjórðungs 2025.
- Koma á miðlægri tækjaskráningu þar sem 100% tækja starfsfólks eru skráð fyrir lok 3. ársfjórðungs 2025.